

Sameiginlegur fundur Skólaráðs og stjórnar foreldrafélagsins 9. jan. 2013 kl. 15:30.

Fundur settur kl. 15:30 í sal undir lið 1 en færður í stofu 306 undir lið 2.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir:

Frá skólaráði:

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara og Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara
Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, og Óskar Kristjánsson formaður foreldrafélagsins og varamaður foreldra (fór eftir lið 1).
Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda (þurfti að fara áður en fundur kláraðist) og Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs.

Frá foreldrafélaginu:

Óskar Kristjánsson formaður, Inga Friðný Sigurðardóttir varaformaður og Sigrún Sigurhjártardóttir meðstjórnandi.

Aðrir gestir undir lið 1:

Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs, Þorgeir Þorgeirsson forstöðumaður fasteigna Mosfellsbæjar og Lára Gunnarsdóttir arkitekt og starfsmaður tækni- og umhverfissviðs.

Forföll boðuðu:

Ólína boðaði forföll og situr Óskar því bæði fyrir hönd skólaráðs og foreldrafélags. Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra mætti ekki.

Dagskrá fundarins:

Fundur kl. 15:30 í stofu 306

Dagskrá fundar:

1. Framkvæmdir á skólalóð

Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs og kynnti hver staðan er á endurbótum á skólalóðinni. Sumt er betra að bíða með að setja upp þangað til næsta haust eins og stóra kastalann vegna fyrirhugaðs flutninga á 4 stofum ásamt nemendum í 5 ára og 1. bekk yfir á Höfðaberg í haust. Tæki sem sett voru á nýtt svæði næst Hjallahlíð færast þá aftur inn á sjálfa skólalóðina. Búið að fjárfesta í 3 þrektækjum á milli skólahúss og útistofa 1-4, þarísar eiga eftir að koma, búið er að panta klifurnet sem verður eitthvað lægra en það sem er fyrir í Ullarnesbrekkunni en það er 5m. Í kringum boltahringinn verður smíðað kemur 90 cm há girðing líkt og í kringum „battavöllinn.“

Búið er að funda með nem. um hönnun hjólabrettasvæðis með Láru og fleirum og er hönnuður byrjaður að þróa hugmynd sem sett væri upp í áföngum. Nem. komu meðal annars með þá hugmynd að setja bekk þar líka þar sem for. gætu setið á og horft á krakkana leika sér.

Óskar spurði hvort að væri hægt að setja eitthvað í kringum rusla/hjólageymsluna því nemendur klifri mjög auðveldlega upp og geta meitt sig ef þau detta niður. Þorgeir sá ekki neina auðvelda leið til þess en engin slys hafa orðið þarna.

Óskar benti líka á að oft væri ekki alveg á hreinu hver ætti að sjá um það sem aflaga færi á skólalóðinni og hvöttu Lára og Þorgeir til þess að þeim yrði send erindi um það sem þyrfti að laga.

2. Kynning á framtíð skólaumhverfis í Mosfellsbæ

Jóhanna fór yfir glærupakka frá skólaskrifstofu um málið.

Á austursvæði verði Brúarland tekið undir kennslu í Varmárskóla frá næsta hausti og möguleg stækkun á Krikaskóla athuguð samhliða.

Færanlegar kennslustofur settar við Helgafellsland 2016/17.

Hér á Vestursvæði munu 5 ára börn úr leikskóla og 6 ára grunnskólanemendur vera í útibúi við Æðarhöfða frá haustinu 2014 og frá haustinu 2015 bætist 7 ára grunnskólanemendur við. Einnig að gerðar verði ráðstafanir varðandi mótuneytisaðstöðu og mótuneytis t.d. með viðbyggingu við Lágafellsskóla.

Biðja á Kristján tölvuumsjónarmann að stofna netfang fyrir skólaráð sem allir aðilar hafi aðgang að.

Fundarritari
Ásta Steina